



Reykjavík, 25. október 2021
PON20060008

Til borgarráðs
Ráðhúsi Reykjavíkur

Efni: Heimild til að hefja framkvæmd við smíði og þróun á verkefninu Gagnsjá.

Óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði að hefja vinnu að þróa fyrstu útgáfu af Gagnsjá. Verkefnið er fjármagnað af kostnaðarstað 2101 Áhöld, tæki og búnaður á fjárfestingaráætlun 2021-2025 og tilheyrir stafrænni umbreytingu – rafvæðing ferla / UGAGNSJÁ. Áætlaður framkvæmdartími er á tímabilinu nóvember 2021 t/m desember 2023.

Virðingarfyllst,

Arna Ýr Sævarsdóttir,
skrifstofustjóri skrifstofu þjónustu og umbreytingu

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Arna Ýr Sævarsdóttir, skrifstofustjóri skrifstofu þjónustu og umbreytinga

Efni: Heimild til að hefja framkvæmd við smíði og þróun á verkefninu Gagnsjá.

Óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði að hefja vinnu að þróa fyrstu útgáfu af Gagnsjá. Verkefnið er fjármagnað af kostnaðarstað 2101 Áhöld, tæki og búnaður á fjárfestingaráætlun 2021-2025 og tilheyrir stafrænni umbreytingu – rafvæðing ferla / U-GAGNSJÁ. Áætlaður framkvæmdartími er á tímabilinu nóvember 2021 t/m desember 2023.

Forsaga:

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð samþykkti þann 12. desember 2019 tillögu um undirbúning að opnun Gagnsjár. Gagnsjá mun styðja við markmið borgarinnar um að eiga frumkvæði að ítarlegri upplýsingamiðlun til íbúa, stuðli að gagnsæi, bættri þjónustu og upplýsingagjöf.

Fyrsta áfanga verkefnisins sem lýst er í tillögunni er nú lokið en helstu niðurstöður umfangsmikillar greiningarvinnu voru þær að fyrsti áfangi Gagnsjár muni snúast um miðlun á efni frá stjórnsýslu borgarinnar. Mjög miklu efni frá stjórnsýslunni er miðlað á vef Reykjavíkurborgar, s.s. fundargerðir ráða og nefnda ásamt fylgigögnum, efni um starfssemi starfseininga, reglur, stefnur o.s.frv. Hinsvegar skortir á einfalda yfirsýn og samræmi í miðlunina sem gerir það að verkum að erfitt getur verið að finna efni, rekja feril mála og finna forsendur fyrir ákvarðanartöku.

Nálgun verkefnisins var út frá notendamiðaðri hönnun þar sem viðtöl voru meðal annars tekin við helstu hagsmunaaðila, þ.e. íbúa og borgarfulltrúa og þeirra upplifun skráð. Á grunni þeirra niðurstaðna var unnin svokölluð frumgerð að fyrstu útgáfu fyrir Gagnsjá þar sem tekinn var fyrir einn ferill; fyrirspurnir og svar við fyrirspurnum í borgarráði. Helstu eiginleikar frumgerðarinnar voru þeir að íbúar gátu fundið mál með þægilegum hætti sem tengjast þeirra nærumhverfi en ferillinn bauð upp á einfalda leit með stikkorðum, skýrt yfirlit yfir fyrirspurnir og feril þeirra. Gagnvart borgarfulltrúum þá bauð frumgerðin uppá einfaldara vinnuferli og auðveldaði hagaðilum til muna að fylgjast fyrirspurnum og svari við þeim. Með því er starf borgarfulltrúa gert bæði sýnilegra og aðgengilegra.



Greinargerð:

Óskað er eftir heimild frá borgarráði til að hefja næsta áfanga verkefnisins sem snýr að smíði og þróun á fyrstu útgáfu af Gagnsjá. Í fyrstu útgáfu er stefnt að því að auka yfirsýn yfir mál sem eru í vinnslu í stjórnkerfinu með því koma á góðri leitarvirkni og bæta aðgengi að málum. Unnið verður með gögn sem í dag eru birt í fundargerðum ráða og nefnda hjá Reykjavíkurborg.

Verkefnið skiptist í eftirfarandi hluta:

- a) Smíði vefviðmóts fyrir fyrstu útgáfu af Gagnsjá. Í fyrstu útgáfu verður byrjað á fyrirspurnum og svörum við fyrirspurnum í borgarráði. Í kjölfarið bætast við aðrir ferlar (málategundir), ráð og nefndir.
- b) Úrvinnsla gagna úr fundargerðum ráða og nefnda Reykjavíkurborgar og þau færð í gagnagrunn. Í því felst meðal annars að skrapa texta (e. web-scraping) og fylgigögn úr fundargerðum, flokka og forma þær upplýsingar og gera þær birtingarhæfar fyrir vefviðmót.
- c) Vinna að því að gera skjöl sem koma til með að birtast í Gagnsjá leitarvélavæn þ.e. umbreyta myndum af texta í prentaðan (e. optical character recognition).

Verkefnið styður við nýja lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar sem á að gilda frá 2021-2030, sem ætlað er að styðja við öflugla lýðræðislega þátttöku íbúa og greiða götu þeirra til þess að geta haft áhfir á nærsamfélag sitt, ákvarðanatöku og stjórnun sveitarfélagsins. Verkefnið stuðlar að því að borgarþúar hafi greiðari aðgang að upplýsingum frá stjórnsýslunni en með því móti geta þeir betur tekið þátt í upplýstri lýðræðisumræðu. Verkefnið getur einnig stuðlað að vandaðri ákvarðanatöku og þar með auknu trausti til stjórnsýslunnar. Þá er skýr ávinningur fyrir notendur að mun einfaldara og þægilegra verður að finna upplýsingar.

Jafnréttisskimun fyrir verkefnið liggur fyrir, en fjárfestingin er ekki talin hafa neikvæð jafnréttisáhrif.

Áætlaður heildarkostnaður við verkefnið samkvæmt frumkostnaðaráætlun er 56 mkr. á tímabilinu nóvember 2021 t/m desember 2023, sbr. samþykki borgarráðs þann 26. mars sl. um heimild Þjónustu- og nýsköpunarsviðs að hefja verkefnaklasa í tengslum við stafrænar umbreytingar.

Kostnaðarstaður: 2101 Áhöld, tæki og búnaður: Stafræn umbreyting – rafvæðing ferla / U-GAGNSJÁ.

Virðingarfyllt,

Arna Ýr Sævarsdóttir,
skrifstofustjóri skrifstofu þjónustu og umbreytingu



Reykjavík, 26. nóvember 2019
R19030273
Óskar J. Sandholt

Lagt fyrir fund mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs 12. desember 2019

Tillaga

Viðtakandi: Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð
Sendandi: Óskar J. Sandholt, sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Tillaga:

Lagt til að verkefnið um Gagnsjá Reykjavíkur verði falið verkefnastjóra sem ráðinn verði sérstaklega til verkefnisins. Verkefnastjórinn hafi það hlutverk að kortleggja og kostnaðarmeta verkefnið og á síðari stigum að fylgja eftir innleiðingu þess. Sökum eðli verkefnisins er lagt til að viðkomandi starfsmaður verði staðsettur á skrifstofu sviðsstjóra þjónustu- og nýsköpunarsviðs.

Greinargerð:

Þann 11. apríl s.l. var á fundi mannréttinda- og lýðræðisráðs samþykkt tillaga um að hafinn verði undirbúningur að opnun Gagnsjár Reykjavíkur. Með Gagnsjánni ætlar borgin að stíga mikilvægt skref að enn ítarlegri upplýsingamiðlun til íbúa borgarinnar og styðja við markmið hennar um að eiga frumkvæði að ítarlegri upplýsingamiðlun til íbúa. Gagnsjáin á þannig að verða hluti af lýðræðis- og samskiptakerfum borgarinnar, stuðla að gagnsæi, bættri þjónustu, upplýsingagjöf og auðvelda borgarbúum að hafa samskipti við borgina, falast eftir ítarlegri upplýsingum, koma að ákvarðanatöku og senda ábendingar og tillögur á einfaldan hátt, í samræmi við stöðu máls innan borgarkerfisins. Í Gagnsjá á einnig á einfaldan hátt að vera hægt að sjá stöðu mála og yfirlit yfir mál hvers kjörins fulltrúa ásamt fylgigögnum og tengingu við skyld mál. Einnig á hún að ná yfir önnur mál borgarinnar sem eru ekki undir trúnaði eða falla undir persónuvernd.

Skrifstofu þjónustu og reksturs, nú þjónustu- og nýsköpunarsviði, var falið að greina núverandi stöðu og leggja fram drög að útfærslu og mat á því hvernig best verði að verkinu staðið. Einnig átti að leggja mat á kostnaði við verkefnið og draga upp hugsanlega verk- og tímaáætlun.

Það er mat þjónustu- og nýsköpunarsviðs að á þessu stigi sé mjög erfitt að meta hvers konar útfærsla sé best til þess fallin að ná ofan greindum markmiðum og eins sé mjög umfangsmikið að áætla kostnað við verkefnið. Ástæðurnar eru margþættar en nefna má í fyrsta lagi að Gagnsjá mun snerta mjög marga verkferla hjá starfsmönnum borgarinnar og umtalsvert verk er að kortleggja þá. Í öðru lagi mun Gagnsjáin tengjast nokkrum undirkerfum, þar á meðal nýju upplýsingastjórnunarkerfi sem nú er að hefjast innleiðing á. Það er einnig nokkuð umsvifamikið verkefni að kortleggja tengingar við undirkerfi. Í þriðja lagi mun Gagnsjá hugsanlega leysa af hólmi einhver kerfi sem nú eru í notkun og fara þarf í greiningarvinnu við það samhliða innleiðingu nýs upplýsingastjórnunarkerfis. Þá mun Gagnsjáin teygja sig inn á mismunandi svið borgarinnar og krefjast þess að þau leggi í nokkra vinnu við að breyta innri ferlum og/eða taka upp nýja ferla eða vinnubrögð.

Það er því ljóst að vinna þarf nokkra undirbúningsvinnu áður en hægt er að draga upp heildstæða mynd af því ferli sem framundan er sem og að leggja mat á hugsanlegan kostnað og því er lagt til að ráðinn verði verkefnastjóri sem haldi utan um verkefnið frá byrjun. Áætlaður árlegur kostnaður er um 14 mkr.

Virðingarfyllt,
Óskar J. Sandholt